


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Sethúsgögn</b>	
	<b>SET 104</b>	
	<b>Kennsluáætlun haustannar 2011</b>	

<b>Kennari</b>	Halldór Torfi Torfason Kristján Davíðsson	<b>Sk.st.</b>	HTT KRD
----------------	--	---------------	------------


## Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um uppbyggingu og smíði sethúsgagna eins og hægindastóla, sófa og borðstofustóla. Gerð er grein fyrir mismunandi grindarútfærslum fyrir m.a. hefðbundna bólstrun og nemendur fá innsýn í álag á sethúsgögn og kröfur um styrkleika, endingu og efnisgæði. Einnig kynnast þeir nýlegri framleiðsluaðferðum á sethúsgögnum eins og formlímingu og notkun svampefna í bólstrun. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist bæði í vélavinnu og handverki með áherslu á brýnslu, formun og uppsetningu skurðarverkfæra til fræsinga, gerð skapalóna, tapparir og smíðistengi. Kennslan er aðallega verkleg og nemendur smíða stól fyrir hefðbundna bólstrun og/eða borðstofustól.

## Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni góð skil á smíðaefnum sem notuð eru í sethúsgögn
  - hafi góða þekkingu á harðviði sem vex á norðlægum slóðum
  - þekki vel notkunarmöguleika harðviðar í smíði sethúsgagna
  - þekki vel uppbyggingu viðar með tilliti til álags og styrkleika
  - hafi innsýn í mótun viðar með gufusuðu og samkýlingu
  - þekki vel smíðaefni sem notuð eru í formlímingu
- þekki vel áhöld og tækni sem notuð eru við smíði sethúsgagna
  - kunni góð skil á uppbyggingu og notkun borðfræsara í húsgagnasmíði
  - geti rökstutt val á skurðarverkfærum, skurðarstáli og skurðarhornum
  - geti gert grein fyrir vali á handvirkri eða vélrænni mótun smíðishluta
  - geti valið sniðtönnur fyrir ákveðið verkefni út frá gæðum og afköstum
  - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað viðkomandi áhalda og tækja
- kunni skil á skurðarverkfærum til vélavinnslu, brýnslu þeirra og uppsetningu
  - þekki málma sem notaðir eru í skurðarverkfæri og eiginleika þeirra
  - geti valið snúnings- og framfærsluhraða með hliðsjón af verkefni
  - viti um helstu skurðarverkfæri í borðfræsara og uppbyggingu þeirra
  - þekki slípun, formun og viðhald skurðarverkfæra í borðfræsara
- þekki formlímingu húsgagna með áherslu á sethúsgögn
  - þekki til formunar húsgagna og íhluta með spæni, plötuefni og heiltré
  - geti valið rétt lím fyrir tiltekið verkefni á grundvelli vörumerkinga
  - geti valið lífmáburðartæki, þvingur og pressur fyrir smíði sethúsgagna
  - þekki samlímingu á tré sem notað er í bogna og beina íhluti
  - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað sem snertir lím og meðferð þeirra
- geti smíðað mismunandi sethúsgögn í höndum og með vélum
  - geti smíðað íhluti í sethúsgögn og fest saman með mismunandi hætti
  - kunni að smíða og nota skapalón til að forma íhluti í sethúsgögn
  - geti sett upp skurðarverkfæri og aukabúnað á borðfræsara
  - geti staðsett og tekið úr fyrir smíðistengjum í höndum og með vélum
  - geti búið til brýnsluskapalón fyrir sniðtönn eftir fyrirmynd og slípað
  - geti yfirborðsmeðhöndlað sethúsgögn með hefðbundnum og vistvænum eignum
  - vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Sethúsgögn</b> <b>SET 104</b> <b>Kennsluáætlun haustannar 2011</b>	

### Efnisatriði/kjarnahugtök

Stólar, sófar, grindargerðir, grind fyrir hefðbundna bólstrun, grind fyrir bólstrun með svampefnum, borðfræsari, skapalón, skapalónsfræsing, fjölnotakólfur, skiptitanna-kólfur, falskólfur, tappa- og nótfraesihaus, sambyggður haus, snið- og gagnsniðshaus, marghausaspinnill, fræsispinnill, kóniskur spindill, bein tönn, víxlhallandi tönn, trapisutönn, harka, seigla, hitapól, snúningshraði, slitstyrkur, skerping, íblöndunarefni stáls, blandað verkfæraстál, harðstál, harðmálmur, sindrun, spónhorn, egg horn, laushorn, hnakkasniðhorn, brjóst, tannform, tannbil, skurðbreidd, framfærsla, spón-hakkarar, samsetningar, tapparir, smíðistengi, yfirborðsmeðferð, lökkun, litun, harðviður, formlíming, gufusuða, samkýling.

**Námsgögn:** Teikningar og efnisskýrslur unnar af nemendum eftir tilsögn kennara  
TRÉSMÍÐI – hönnun, útfærsla, verkskipulag, IÐNÚ 2010  
STÍLL HÚSGAGNA e. Helga Hallgrímsson, IÐNÚ 1991

**Áætlun um yfirferð:** Námsefnið verður unnið á fimm vikum í seinni hluta annarinnar og allar kennslustundir nýttar til þess, bæði PLG106 og SET104.

**Verkefni:** **Smíðaður verður borðstofustóll.**

Vika:	Verkbáttur
43	Kynning
43 – 48	Niðurefnun, fræsing, borun og töppun, samsetning, pússning og yfirborðsmeðferð.

### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	Annarpróf	20%
Frammistaða á önn	Smíðaverkefni annarinnar.	40%
	Starfseinkunn verkleg Í starfseinkunn er horft á virkni nemenda í tímum, áhuga fyrir verkefnum, vinnubrögð og iðjusemi, framfarir og reglusemi, ásamt andlegri og líkamlegri viðveru	20%
	Starfseinkunn bókleg Unnin verða verkefni upp úr bókunum <b>Stíll húsgagna</b> og <b>Trésmíði</b>	20%

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils